


# HJARTAVERND



23. ÁRGANGUR  
1. TÖLUBLAÐ JÚNÍ 1986



**Takið á með Hjartavernd**

**Látið mæla blóðþrýsting – Látið mæla blóðfitu – Reykið ekki**


# Örugg vernd

Innstæða á Kjörbók er varin gegn árásum verðbólgunnar.  
Þú nýtur ávallt góðra kjara hvenær sem þú leggur inn.



**LANDSBANKINN**

Græddur er geymdur eyrir



# HJARTAVERND



23. ÁRGANGUR  
1. TÖLUBLAÐ JÚNÍ 1986

**Útgefandi:**

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi.

**Ritstjórn:**

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júlíusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

**Afgreiðsla blaðsins:**

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð – Sími 83755

**Setning, umbrot, filmuvinnu og prentun:**

Svansrent hf.

**Kápa:** Auglýsingastofan hf. Gísli B. Björnsson, Lágmúla 5.

**Efni:**

Fræðslu- og kynningarfundur á Akureyri .....	1
Svæfingar við kransæðaaðgerð. Hjörtur Sigurðsson ...	3
Lyfjameðferð við háprýstingi. Uppi Agnarsson .....	7
Meðferð reykinga. Þorsteinn Blöndal .....	10
Öndunarpróf. Nikulás Sigfússon .....	13
Alkóhol, lípóprótín og kransæðasjúkdómar.	
Peter D. Wood .....	15
Fréttatilkynning frá Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar .....	17
Takið á með Hjartavernd .....	18
Fréttir .....	5, 9, 16, 19

## *Fræðslu- og kynningarfundur á Akureyri*

Laugardaginn 15. febrúar var haldinn almennur fræðslufundur um hjarta- og æðasjúkdóma í Sjallnum á Akureyri. Fundurinn var haldinn að tilhlutan Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar og Hjartaverndar. Sex fyrirlesarar komu á fundinn úr Reykjavík en sjöundi fyrirlesarinn var dr. Porkell Guðbrandsson yfirlæknir á Akureyri.

Dagskrá fundarins var á þessa lund:

Magnús Karl Pétursson yfirlæknir á Landspítala ræddi um aðalhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma, háprýsting, hækkaða blóðfitu og reykingar. Sýndi hann fram á hve áhrifarískur orsakavaldur kransæðasjúkdóms hver þessara þátta væri um sig og hversu hættan ykist ef fleiri en einn beirra væru til staðar. Það væri því brýnt verkefni að hafa hemil á þessum áhættuþáttum.

Dr. Nikulás Sigfússon yfirlæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar ræddi um háprýsting, algengi samkvæmt rannsóknum Hjartarverndar, áhrif hans á æðakerfi og líkur á hjartaáföllum og heilablæðingu af hans völdum. Hann upplýsti að æ fleiri sjúklingar með þennan kvilla nytu nú meðferðar og læknishjálpar. Það væri vissulega merkur og góður árangur.

Dr. Porkell Guðbrandsson yfirlæknir lyflækningadeildar

sjúkrahússins á Akureyri talaði um meðferð háprýstings, lyf, læknisaðgerðir og batalíkur. Hann benti á að meðferð á háprýstingi hefði stórum dregið úr heilablóðfalli. Hins vegar væri vafi á því að líkur fyrir kransæðasjúkdómi minnkuðu þótt háprýstingi væri halddi í skefjum hjá sjúklingum sem hefðu þennan kvilla. Sama kom einnig fram í máli dr. Nikulásar. Dr. Porkell lagði áherslu á að mjög nauðsynlegt væri að fólk léti athuga hvort það væri halddi þessum kvilla þar sem hann væri ein meginorsök æðakölkunar. Það bæri að stemma stigu við honum, annað tveggja með breyttum lifnaðarháttum eða lyfjameðferð.


Dr. Gunnar Sigurðsson yfirlæknir lyflækningadeildar Borgarspítala ræddi um blóðfitu og áhrif kólesteróls á æðakölkun og kransæðastíflu. Hann greindi frá því að nýlega hefðu verið birtar í Bandarískjunum niðurstöður viðtækra rannsókna um áhrif blóðfitu á æðakölkun og gæfu þær ótvírátt til kynna að aukið kólesteról í blóði yki á hættu á kransæðastíflu. Flestir hjartasérfræðingar hefðu verið á þessari skoðun áður en þó hefðu efaraddir verið í þeim hópi. Í blóðstraumnum væru tvennis konar efnasambond sem tækju til sín kólesteról: annars vegar LDL sem flytur kólesteról út í vefi líkamans og sest í æðaveggi, hins



Magnus Karl



Nikulás



Porkell



Gunnar

vegar HDL sem flytur klóesteról til lifrar sem síðan skilar því út úr líkamanum. Það er því verra kynið, LDL, sem hættan stafar frá og ber því að forðast fæðutegundir sem eru ríkar af því en bót er að hinu góða kyninu, HDL, og æskilegt að meira sé af því í blóðinu. Af þessu efni virðist vera meira í blóði kvenna en karla og er það e.t.v. ein skýringin á því að konur fá síður kransæðastíflu en karlar.

Dr. Þorsteinn Blöndal yfirlæknir lungna- og berkla varnardeilda Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og sérfræðingur á Landspítala nefndi erindi sitt: Hvers vegna borgar sig að hætta að reykja? Hann ræddi um áhrif tóbaksreyks á lungu, bifhár í barka og æðakerfi. Tóbaksnæsla, og einkum sigarettureykingar, þrengir æðar og m.a. af þeim sökum er reykingamönnum svo hætt við kransæðastíflu. Jafnframt minntist hann á mengun af tóbaksreyk fyrir þá sem ekki reykja. Rannsóknir hafa leitt í ljós að hætti menn að reykja minnka líkur á kransæðastíflu og því fremur sem menn hafa reykt meira og lengur. Við reykbindindi minnkar áhetta á kransæðastíflu hráðar en t.d. á lungnakrabba meini. En burt séð frá reykingum sem orsakavaldi einstakra sjúkdóma og alhliða heilsuspilli má ekki gleyma því að reykbindindi stuðlar að meiri velldan, betra últli og hreinlegrum gengni.

Dr. Sigurður Samúelsson formaður Hjartaverndar ræddi um þann árangur sem náðst hefði með rannsóknarstarfi Hjartaverndar og þá þýðingu sem það hefði fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Hann rifjaði upp stofnun samtakanna og þakkaði forgögnumónnum Hjarta- og æða verndarfélags Akureyrar fyrir góð störf og góða viðurkenningu. Pótt erfitt væri að fullyrða um árangur af starfi

samtakanna bentu rannsóknir ótvíraett til þess að þeir sjúkdómar sem barist væri gegn væru í rénum. Svo vörtist sem þeir þrír aðalhættuþættir kransæðasjúkdóms sem hér væru til umræðu og athugunar, háþrýstingur, blóðfita og sigarettureykingar, væru allir á undanhaldu. En betur mætti ef duga skyldi; því skæri Hjartavernd enn á ný upp herör gegn þessum allt of algengu skaðvöldum og vonaðist eftir samstarfi við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

Stefán Júlíusson framkvæmdastjóri Hjartaverndar skýrði frá starfsemi samtakanna þau 22 ár sem þau hafa starfað, rannsóknum, fræðslu- og útgáfustarfsemi, tímariti, fjármögnun, tekjum og gjöldum.

Eftir að hafa rakið þessi efni í stuttu máli lauk hann máli sínu á þessa lund:

„Ég kem þá að kjarna þess mál sem nú vakir einna helst fyrir framkvæmdastjórn Hjartaverndar: Samvinnu Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar, félaganna úti á landsbyggðinni og heilsugæslustöðva um athugun á þeim þrem áhettuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggur áherslu á að kannaðir verði á næstu árum, þ.e. ástand blóðþrýstings, ástand blóðfita og reykingavenjur. Síðan er ætlunin að í kjólfar þessarar athugunar komi fræðsla um fyrirbyggjandi aðgerðir og áróður fyrir úrbótum fólksins sjálfs.


Það er von forráðamanna Hjartarverndar að þessi fundur megi verða til að stuðla að framkvæmdum í þessum efnum.“

Fundinn sóttu hátt í hundrað manns. Fundarstjóri var Jón G. Sólnes.

S.J.



Þorsteinn



Sigurður



Stefán

Hjörtur Sigurðsson læknir:

# Svæfingar við kransæðaaðgerðir

Í tilefni þess að hjartaaðgerðir og þá fyrst og fremst kransæðaaðgerðir munu hefjast á Landsspítalanum á þessu ári, vill höfundur gera stutta grein fyrir svæfingum við þessar aðgerðir og þeirri tækni sem gerir þær mögulegar.

Forsenda kransæðaaðgerða í núverandi mynd voru framfarir sem urðu á sjötta áratug þessarar aldar, þ.e. þróun hjarta-lungnavélarinnar sem fyrst var notuð með góðum árangri við hjartaaðgerð árið 1953 og upphaf kransæðamynndatöku árið 1958.

Fyrsta aðgerðin þar sem blóðrás var leidd framhjá þrengslum í kransæð með því að tengja bláæðagræðling á milli ósæðar og kransæðar handan þrengslands var gerð árið 1962. Þessi aðferð er enn notuð en við hefur bæst sá möguleiki að nota sem græðlinga grannar slagæðar sem liggja innan á brjóstvegg sitt hvoru megin við bringubeinið.

Nauðsyn á notkun hjarta-lungnavélar byggist á því að á meðan skurðlæknir gerir aðgerðina á hjartanu sjálfu er hjartað stöðvað og vélin verður því að taka við hlutverki hjartans og lungna við að flytja súrefni til vefjanna. Hjarta-lungnavélin er í aðalatriðum samsett af rafmagnsdælu, hitaskipti, súrefnismettara (gervilunga) og slöngum sem tengja þessa hluti innbyrðis og við sjúklinginn. Við notkun hjarta-lungnavélar er bláæðablóð tekið úr hægri gátt (framhólf) eða holæðum sjúklingsins, það flæðir síðan gegnum hitaskipti og súrefnismettara þar sem það tekur upp súrefni og skilur út koltvísýrling og síðan til dælunnar sem dælir því í ósæð sjúklings og þaðan út um líkamann. Ekkert blóð fer um hjarta og lungu sjúklings á meðan hjarta-lungnavélin er í gangi.

Á meðan skurðlæknir saumar græðlingana á kransæðar er nauðsynlegt að stöðva hjartað og loka fyrir blóðflæði um kransæðakerfið. Sérstakri



Hjörtur Sigurðsson er fæddur í Reykjavík árið 1952 og ólst þar upp. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1972 og læknaprófi frá Háskóla Íslands 1978. Hann var kandidat á Borgarspítala, gegndi læknastörfum á Egilsstöðum, í Laugarási og Borgarnesi. Á árunum 1980 og 1981 vann hann við svæfingalæknisstörf á Borgarspítala.

Hjörtur hélt vestur um haf til sérfrædináms í svæfingalæknisfræði árið 1981 og dvaldist þar í 4 ár. Hann vann á háskólasjúkrahúsini í Cincinnati í Ohio fram á árið 1984 en flutti sig þá til Cleveland og vann á svæfingadeild fyrir hjarta- og brjóstholasæðgerðir á Cleveland Clinic fram árið 1985. Á þessu ári, 1986, stundaði hann einnig svæfingalæknisstörf í 6 vikur á háskólasjúkrahúsini í Uppsöldum í Svíþjóð.


Hjörtur er nú sérfræðingur í svæfingalæknisfræði á Landsspítala.

kaldri upplausn, sem kælir hjartað og lamar tímabundið samdráttarhæfni þess, er dælt í kransæðar. Til að auðvelda þessa kælingu er líkamshiti sjúklings jafnframt lækkaður niður í 18–32°C með kælingu blóðs í hjartalungnavélinni. Með þessari aðferð dregur svo mjög úr súrefnisnotkun hjartans að það þolir allt að 2 klst. án blóðflæðis án þess að verða fyrir varanlegum skemmdum.

Þróun í svæfingum og gjörgæslu hefur einnig átt sinn þátt í að gera árangur þessara aðgerða svo góðan sem hann er í dag. Undirbúningur svæfingar hefst daginn fyrir aðgerð. Þá hefur sjúklingur þegar gengist undir ítarlega hjartarannsókn, m.a. kransæðamynndatöku og hjartaþræðingu. Ef sjúklingurinn á við aðra alvarlega sjúkdóma að stríða svo sem nýrna- eða lungnasjúkdóma hefur hann gengist undir viðeigandi rannsóknir og fengið hefur verið álit viðkomandi sérfræðinga.

Allar þessar upplýsingar liggja fyrir þegar svæfingalæknir skoðar sjúkling daginn fyrir aðgerð, ákvæður lyfjagjöf fyrir svæfingu og leggur á ráðin um val svæfingalyfja og þá tækni sem hann hyggst nota til að fylgjast með blóðrás-arkerfi sjúklingsins í og eftir aðgerð. Sérstaklega eru upplýsingar um eðli og útbreiðslu kransæðasjúkdómsins og starfshæfni hjartavöðvans mikilvægar í þessu tilliti.

Auk þess að kynna sér rækilega öll gögn sem safnað hefur verið í sjúkra- skrá spyr svæfingarlæknir nánar um viss atriði sjúkrasögu og fær m.a. upplýsingar um hvernig sjúklingar hefur þolað fyrri svæfingar og skoðar sjúkling með sérstöku tilliti til svæfingarinnar, þ.e.a.s. hlustar hjarta og lungu, skoðar efri loftvegi og staði sem notaðir verða til að setja inn æðaleggi. Síðan gerir hann sjúklingi grein fyrir því sem gerast mun eftir komu á skurðstofuna og á



Hjarta- og lungnavél, sömu gerðar og á Landspítala. Á myndinni er Viktor Magnússon sem stjórnar vélinni á Landspítala.

gjörgæsludeild er sjúklingurinn vaknar upp eftir svæfingu.

Auk svæfingalæknis er algengt að sjúkraþjálfari heimsæki sjúkling daginn fyrir aðgerð og kenni öndunaræfingar. Í þessu sambandi má geta þess að sjúklingar sem reykja geta best undirbúið sjálfa sig með því að hætta reykingum a.m.k. nokkrum vikum fyrir aðgerð.

Lyfjagjöf fyrir aðgerð er vanalega þannig háttáð að sjúklingur fær svefnöflu nöttina fyrir aðgerð. Gjöf flestra hjartalyfja er halddið áfram fram á morgun aðgerðardags og klukkustund fyrir aðgerð fær sjúklingur sprautur með róandi og verkjastillandi lyfum og Nitroglycerin smyrsl á húð. Vegna þessara forgjafalyfja er sjúklingur yfirleitt rólegur og syfjaður við komu á skurðstofuna og kippir sér ekki upp við nálastungur og annað umstang sem fylgir undirbúnungi svæfingar. Næmi manna fyrir þessum lyfum er þó mismunandi eftir aldri, líkamsástandi og neysluvenjum.

Eftir komu á skurðstofu er byrjað með því að tengja sjúkling við hjartalínurit. Með því er hægt að fylgjast stöðugt með hjartasláttartíðni og greina hjartasláttartruflanir og hugsanlegan súrefnisskort í hjartavöðvanum. Næst er nál sett í bláæð á handarbaki

eða á framhandlegg til gjafar á vökvá, blóði og lyfum. Síðan er æðarleggur þræddur í slagæð við úlnlið eða í olnbogabót. Pannig er hægt með rafeindabúnaði að fylgjast mjög nákvæmlega með blóðþrýstingi auk þess sem æðaleggurinn er notaður til að draga blóðsýni til ýmissa mælinga, m.a. á súrefnismettun slagæðablóðs. Að lokum er þræddur sérstakur æðaleggur í bláæð á hálsi, en með fullkomnustu gerð slíkra æðaleggja má gera ýmsar mælingar á starfsemi hjartans og ástandi blóðrásarkerfis sjúklings sem auðvelda lyfja- og vökvagjöf. Pessir æðaleggir eru lagðir inn í staðdeyfingu og veldur ísetning þeirra venjulega ekki teljandi sársauka.

Að þessum undirbúnungi loknum er sjúklingur láttinn anda að sér súrefni og síðan eru svæfingalyf gefin í æð og sjúklingur sofnar fljótt og óþægindalaust. Er sjúklingur hefur misst meðvitund er sett plastslanga ofan í barka og hún tengd öndunarvél sem sér um öndun á meðan á aðgerð stendur, sett er niður magasлага gegnum munn eða nef og lagður er upp þvagleggur. Pegar skurðsvæði hefur síðan verið þvegið getur aðgerð hafist. Svæfingunni er viðhalddi með áframhaldandi gjöf lyfja í æð auk svæfingalyfja til innöndunar.

Á meðan á aðgerð stendur fylgist svæfingalæknirinn náið með blóðrásarkerfi sjúklings og reynir að halda hjart-

sláttartíðni og blóðþrýstingi innan æski-legra marka, með lyfjum ef með þarf. Hraður hjartsláttur eða veruleg hækku-n blóðþrýstings eykur súrefnisnotkun hjartavöðvans og getur valdið súrefnisskorti sem fram kemur á hjartalínuriti svipað og gerist þegar sjúklingar gangast undir áreynsluhjartalínurit. Rann-sóknir hafa sýnt að gerist þetta í krans-æðaaðgerð eykst hættan á því að skemmd verði á hjartavöðvanum í eða eftir aðgerð.

Fyrsti hluti aðgerðar felst í því að afla bláæðagræðlinga, venjulega af neðri útlínum og í því að opna brjóst-holið með því að saga í sundur bringu-beinið endilangt og fría slagæðagræðlinga innan á brjóstvegg þegar það á við. Áður en sjúklingur er tengdur við hjarta-lungnavél er honum gefið blóðþynnandi lyf (Heparin) í æð. Þetta er gert til að fyrirbyggja storknun blóðs er það kemur í snertingu við framandi efni í hjartalungnavélinni. Að því búnu er sjúklingurinn tengdur við hjarta-lungnavél, líkamshiti lækkaður og hjartað stöðvað.

Pegar skurðlæknir hefur lokið við að sauma annan enda græðlinganna við kransæðarnar er blóðrás hleypt á krans-æðarnar á ný, byrjað er að hita sjúkling upp og skurðlæknir byrjar að sauma hinn enda bláæðagræðlinganna við ósæð sjúklings. Að því loknu og þegar líkamshiti er orðinn nokkurn veginn eðlilegur og hjartað farið að slá kröftuglega á ný, er hægt að taka sjúklinginn úr hjarta-lungnavélinni.

Sjúklinga, sem hafa eðlilegan hjarta-vöðva fyrir aðgerð, má venjulega losa frá hjarta-lungnavél án sérstakra erfiðleika eða lyfjagjafar. Þeim, sem hafa skaddaðan hjartavöðva, t.d. eftir hjartadrep (kransæðastíflu), þarf stundum að gefa lyf til að örva sam-dráttarhæfni hjartans og viðhalda eðli-legum blóðþrýstingi. Pessum lyfum þarf oft að halda áfram á gjörgæslu nokkurn tíma eftir aðgerð. Pegar sjúklingur er kominn af hjarta-lungnavél og ástand hans er viðunandi eru áhrif Heparins upphafin með öðru efni (Protamin), skurðlæknir gengur úr skugga um að hvergi blæði, leggur kera inn í brjóstholið, vírar bringubeinið saman og lokar skurðsárinu. Að því búnu er sjúklingurinn fluttur sofandi á gjörgæsludeild og tengdur þar að nýju við öndunarvél.

Fyrstu klukkustundir eftir aðgerð þarf að fylgjast náið með lífsmörkum sjúklings og bæta upp blóðtap sem allt af er nokkurt fyrstu tímana eftir aðgerð. Sjúklingurinn vaknar síðan upp hægt og hægt á nokkrum klukkustundum. Meðan hann er tengdur við öndunarvélina getur hann ekki talað, en verður að tjá sig með svipbrigðum og bendingum. Sjúklingurinn fær róandi og verkjastillandi lyf eftir þörfum, bæði vegna sárauka í skurðsári og til að hann sætti sig betur við öndunarvélina. Pregar sjúklingurinn er vel vaknaður, súrefnismettun blóðs er komin í gott horf, blæðing er óveruleg og lífsmörk stöðug er hægt að tengja hann frá öndunarvélinni og fjarlægja barkaslönguna. Hann fær nú í staðinn súrefni í nös. Venjulega er hægt að fjarlægja kera, þvaglegg og suma æðaleggi daginn eftir aðgerð og víða erlendis er stór hluti sjúklinga útskrifaður af gjörgæsludeild strax daginn eftir aðgerð.



Hjarta- og lungnavélin. Myndirnar eru teknar í Uppsólum af Margréti Jóhannsdóttur.

### Lokaorð:

Upphaf kransæðaaðgerða á Íslandi mun opna möguleika á frekari framförum í meðferð kransæðasjúklinga hér á landi, svo sem framkvæmd á útvíkkun á kransæðum með svokallaðri blásningu. Vegna framfara sem nú eru að eiga sér stað í meðferð á bráðu hjartadrepri er hugsanlegt að þörf á kransæðaútvíkkun eða kransæðaskurðaðgerð með stuttum fyrirvara eigi eftir að aukast verulega nú á næstu árum.

Undirritaður er því þeirrar skoðunar að sú ákvörðun að flytja þessar aðgerðir heim til Íslands hafi verið bæði tímaþær og réttmæt og vonast til að með þessum greinastúf hafi hann veitt lessendum nokkra innsýn í þá starfsemi sem hefjast mun á Landspítalanum innan skamms.

**Ref:** Does Perioperative Myocardial Ischemia Lead to Postoperative Myocardial Infarction? Slogoff & Keats. Anesthesiology 62:107-114, 1986.

## Doktorsritgerð Nikulásar Sigfússonar fylgirit tímaritsins Acta Medica Scandinavica

Acta Medica Scandinavica er tímarit á ensku sem gefið er út í Svíþjóð. Það fjallar að mestu leyti um efni á svíði lyflækninga. Tímaritinu er dreift meðal lækna á öllum Norðurlöndum, í Hollandi og Belgíu og víðar.

Oft er dreift með tímaritinu skýrslum og ritgerðum um læknisfræðilegar athuganir eða niðurstöður rannsókna. Doktorsritgerð Nikulásar Sigfússonar, sem hann varði 14. des. síðastl., var dreift með júníhefti tímaritsins og er fylgirit nr. 710.

Doktorsritgerð Nikulásar sem fjallar um háþrýsting í miðaldra körlum samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar er skýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar nr. ABVD XXII.

Skýrslu frá Hjartavernd hefur áður verið dreift með Acta Medica Scandinavica.

## Aðalfundur Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar

Laugardaginn 15. febrúar síðastl. var haldinn aðalfundur Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar. Fundurinn var vel sóttur og kom fram mikill áhugi að efla og auka starfsemina. Nýir menn komu til starfa í stjórnina nema gjaldkerinn, Eyþór H. Tómasson, sem verið hefur gjaldkeri frá stofnun félagsins og sýnt mikinn duggað í því starfi.

Stjórn félagsins er þannig skipuð: Formaður: Þorkell

Guðbrandsson yfirlæknir. Ritari: Friðrik E. Yngvason læknir. Gjaldkeri: Eyþór H. Tómasson forstjóri. Meðstjórnendur: Gunnlaugur Jóhannesson rafvirkjameistari og Ingvar Þóroddsson læknir. Í varastjórn er: Kristín Sigfúsdóttir. Endurskoðendur: Torfi Guðlaugsson og Ragnar Steinbergsson.

Á eftir aðalfundi var opinnað kynningar- og fræðslufundur, sbr. frásögn annars staðar í blaðinu.

**Öll vitum við að  
ostur er bragðgóður**

en hann er

## **líka hollur**

því að í honum eru öll næringarefni  
mjólkurinnar og flest í mun ríkara mæli.




## **Próteinið – byggingarefni líkamans**

Daglegur skammtur af því er nauðsynlegur til uppbyggingar og viðhalds frumum líkamans. Ostur er mun próteinríkari en t. d. kjöt eða fiskur. Dagleg þörf af próteini er áætluð um 45–65 g en í 100 g af osti eru 27–32 g af próteini.

Mjólkurostur er

## **besti kalkgjafinn**

Í venjulegu fæði. En kalkið á mestan þátt í myndun og viðhaldi tanna og beina. Af því þurfa börnin mikið og allir eitthvað.



Auk þess er í osti  
**gnægð annarra  
steinefna og vitamina**  
sem auka orku og léttu lund.



9.101

Uggi Agnarsson læknir:

# Lyfjameðferð við háþrýstingi

Ég vildi í stuttu máli ræða lauslega um hækkaðan blóðþrýsting en fara svo nokkru nánar yfir þau lyf sem mikið eru notuð við meðferð háþrýstings og þau helstu atriði sem hafa skyldi í huga þegar meðferð er valin. Auk þess minnast nokkuð á helstu aukaverkanir og atriði sem e.t.v. skyldi hugað betur að en nú er gert. Grein þessari er ekki ætlað að vera tæmandi og ekki verður fjallað um meðferð á bráðri blóðþrýstingshækkun.


Í hugum flestra er tilkoma hækkaðs blóðþrýstings ekki verulegt áfall. Fólk gerir sér almennt vel grein fyrir að lífslíkur þess eru í flestum tilfellum ekki verulega skertar ef rétt er brugðist við vandanum. Það veit hins vegar að búast megi við nokkrum breytingum í daglegu lífi, svo sem breyttu mataræði, tilraunum til léttunar og aukinnar hreyfingar. Flestir með vel staðfesta blóðþrýstingshækkun koma einnig til með að þurfa langtíma lyfjameðferð.

Blóðþrýstingur, sem mældur er í millimetrum kvikasilfurs, endurspeglar annars vegar þann þrýsting í slagæðum er verður við samdrátt hjartans (systola) og hins vegar hvíldarþrýsting hjartans (diastola).

Skilgreining blóðþrýstingshækkunar er enn nokkuð á reiki en í seinni tíð hefur gjarnan verið miðað við 140/90-95 mmHg þótt lyfjameðferð sé hafin við nokkuð hærri gildi.

Algengi hækkaðs blóðþrýstings er háð aldri, kyni, kynstofni og búsetu. Pannig fer tíðni háþrýstings vaxandi með aldri. Háþrýstingur er algengari meðal karla fram til 55-60 ára, og eru þá um 26%-30% karla með háþrýsting. Á þessum aldri fer tíðni meðal kvenna hækkandi og er nokkuð hærri hjá eldri konum en körlum. Rannsóknir Hjarta-verndar á algengi háþrýstings meðal Íslendinga hafa bent til svipaðra niðurstaðna.

Í Bandaríkjum er tíðni á háþrýst-



Uggi Agnarsson er fæddur í Reykjavík árið 1949. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1969 og læknaprófi frá Háskóla Íslands 1976. Hann var kandidat á Landakotsspítala, Landspítala og Borgarspítala. Frá júní 1977 til okt. 1978 var hann heilsugaðslæknir á Sauðárkróki og héraðslæknir á Höfðosi. Hann var ráðinn læknir á Landspítala í svæfinga- og gjörgæslulækningum um hálfárs skeið til aprílmánaðar 1979 en varð þá aðstoðarlæknir á Kreissjúkrahúsini í Bachnang í Vestur-Pýskalandi til ágústmánaðar 1980. Þá hélت hann vestur um haf og hefur verið aðstoðarlæknir í almennum lyflækningum við New Britain-sjúkrahúsið frá hausti 1980 til vors 1983 og í hjartalækningum við háskólasjúkrahúsið og St. Francis-sjúkrahúsið í Hartford í Connecticut frá þeim tíma til bessa dags. Sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi 1984 og sérfræðipróf í hjartasjúkdómafræði í Bandaríkjum í nóv. 1985.

ingi meðal svartra mun hærri en hjá svörtum í Afríku.

Orsakir háþrýstings eru í flestum tilfellum (94%) ekki þekktar, langvinnir nýrnasjúkdómar valda 3-5%, þrengsli í nýrnaæðum og ósæð um 1%, nýrnahettusjúkdómar eru sjaldgæf orsök, 0,2-0,3%. Getnaðarvarnatöflur geta einnig valdið háþrýstingi ásamt öðrum sjaldgæfari orsökum.

Það er vel staðfest að hækkaður blóðþrýstingur veldur aukinni dánartíðni og er sú aukning í réttu hlutfalli við hversu mikil hækjunin er. Það hefur einnig sýnt sig að jafnvel væg hækjun er áhættuþáttur sem rétt er að meðhöndla.

Aðalorsakir líffæraskemmda og dauðsfalla meðal einstaklinga með háþrýsting án meðferðar eru skemmdir á æðakerfi líkamans. Þessar skemmdir eru í formi æðakölkunar (Atherosclerosis) sem síðan koma fram í formi heilaáfalla, kransæðasjúkdóms, æðaþrengsla, augnbotnabreytinga og skertrar nýrnastarfsemi. Einnig geta komið fram hjartabilunareinkenni, þótt sennilega sé æðakölkunin ekki aðalorsök þeirra.

## **Meðferð**

Markmið meðferðar háþrýstings er að draga úr líkum á áðurnefndum afleiðingum, þ.e. skemmdum á hjarta- og æðakerfi. Meðferðin er einstaklingsbundin og fer eftir því hversu mikil blóðþrýstingshækkunin er og eins hverjir aðrir áhættuþættir eru til staðar sem hafa má áhrif á.

Nauðsynlegt er að hafa augun opin fyrir háþrýstingi sem orsakast af sjúkdónum eða göllum sem lækna má með skurðaðgerð og hefur verið getið hér að framan, þrengsli í ós- og nýrnaæðum auk nýrnahettusjúkdóma.

Rétt er að leita að þeim áhættuþátt-

um sem möguleiki er að hafa áhrif á, s.s. sigarettureykingar sem hafa m.a. samdragandi áhrif á sléttu vöðva í æðakerfinu og hækka sennilega blóðþrýsting. Þá er rétt að mæla með nokkurri minnkun á notkun matarsalts, aukinni hreyfingu, a.m.k. gönguferðum, megrun þar sem það á við og meðhöndlun streitu eftir því sem tök eru á.

Par sem flestir einstaklingar með hækkaðan blóðþrýsting falla í þann hóp sem hefur vægt hækjun, þá vært óhætt að gefa sér góðan tíma ádur en lyfjameðferð er hafin. Staðfesta með nokkrum mælingum, gjarnan með nokkurra daga millibili, að blóðþrýstingurinn sé raunverulega hækkaður og að þær almennu lifnaðarháttabreytingar, sem drepið hefur verið á, nægi ekki til að lækka blóðþrýstinginn.

## Háþrýstilyf

### Pvagræsilyf

#### Beta-blokkandi lyf

**Lyf sem verka á miðtaugakerfið (Alfa Receptor)**

#### Æðaútvíkkandi lyf

#### Angiotensin II blokkandi lyf

#### Kalsium blokkandi lyf

**Lyf sem verka á úttaugakerfi**

### Pvagræsilyf

Pvagræsilyf eru ein algengustu lyfin sem notuð eru við meðferð á háþrýstingi, Chlorthiazid-lyfin eru hér tekin sem dæmi um slík lyf.

Pau eru einföld í notkun, tekin einu sinni til tvisvar á dag. Verkun þeirra er einkum á nýrun þar sem þau örva útskilnað á salti og vökva úr líkamanum. Stærri skammtar geta valdið minnkuð serum magni og burrkað nokkuð líkamann en þó eru þessi lyf ekki verulega kröftug, þannig að í venjulegum skömmum er ekki við miklum áhrifum að búast.

Blóðþrýstingslækkunin er mild og ekki til mikils að auka verulega skammtana ef áhrifin eru ófullnægjandi því þrýstingslækkandi áhrifin eru ekki aukin að sama skapi en hins vegar eykst hættan á aukaverkunum. Kalíumskortur er ekki óalgengur við notkun þessara lyfja og verður meiri við stærri skammta. Í fjölmennri rannsókn, sem gerð hefur verið í Bandaríkjunum til að meta gildi meðferðar háþrýstings, kom í ljós hærri dánartíðni en búist hafði

verið við meðal þeirra, sem meðferð hlutu með þvagræsilyfi. Pessi útkoma hefur ekki verið skýrð; hugmyndir hafa verið uppi um að e.t.v. væri skýringin fólgin í brengluðum saltbúskap líkamans. Pannig hefur athygli lækna beinst nokkuð að hugsanlegri lækkun á magnesíum söltum. Ef saman færi lækkun á kalíum og magnesíumsöltum gætu verið komnar forsendur fyrir hjartsláttartruflunum, s.s. sleglahrinu (ventriculer tachycardi) sem veldur gjarnan skyndidaðuða. Peir sem einkum væru í hættu væru þeir sem hefðu veiklað hjarta, t.d. byrjandi hjartabilun, einnig þeir, sem hefðu þykkaðan vinstri slegil, og svo þeir sem tækju að staðaldri hjartalyf, s.s. digitalis. Enn sem komið er hafa þessar hugmyndir um áhrif lækkunar magnesíums ekki fengist staðfestar og veldur þar m.a., að magnesíum er einkum til staðar inni í frumum líkamans, sennilega meira bundið eggjahvítefnum og efnahvötum (enzýmum) en t.d. kalíum. Mælingar á þéttni magnesíums í sermi eru því ekki örugg vísbending um magn magnesíums í líkamanum gagnstætt því sem oftast gildir um kalíum þ.e.a.s. kalíum mælingin er mun áreiðanlegri vísbending um magn kalíums í líkamanum en mæling magnesíums er um magnesíum birgðir. Kalíumtöflur eru þannig mikið notaðar af sjúklingum með háþrýsting en ekki er vitað um þörf eða gildi magnesíum meðferðar.

Einnig er völ á kalíum sparandi þvagræsilyfum og eru slík lyf í nokkuð mikið notkun á Íslandi.

Aðrar aukaverkanir sem fram geta komið við notkun ofangreindra lyfja eru hækjun þvagsýru í blóði sem í sumum tilfellum veldur þvagsýrugilt eða nýrnaskemmdum.

Þá sést hækjun á blóðfitu og skert sykurþol þó ekki sé talið að hætta stafi af nema í stöku tilfelli. Kalsiumhækkun getur sést, og að lokum má benda á að getuleysi karlmanna sést hjá um 20%..-

### Beta-blokkandi lyf

Lyf þessi verka á beta-viðtaka á sléttum vöðvum í hjarta og æðum. Pannig hindra þau örвandi áhrif nor-adrenalíns og adrenalíns, hægja á hjartslættinum, minnka hjartaútfall, en hins vegar hækkar móttæda í æðakerfinu, þar sem alfa móttakar eru virkir og verka til samdráttar.

Til eru mismunandi sérhæfðir beta-blokkarar og auk þess gefur mismikill fituleysanleiki lyfjanna þeim aðgang að miðtaugakerfinu í réttu hlutfalli við fituleysanleika þeirra, og geta þau lyf sem komast inn í miðtaugakerfið valdið einkennum, s.s. sleni, þreytu, svefn-truflunum og martröð. Fituleysanlegir beta-blokkarar skiljast einkum út í gegnum lifur en vatnsleysanlegir í gegnum nýrun.

Aðrar aukaverkanir eru versnandi astmi og lakari öndun sjúklinga með langvinna lungnasjúkdóma. Einkenni æðaþrengsla í fótum geta aukist. Sumir eldri sjúklingar fá einkenni of hægs hjartsláttar og geta fengið yfirliðakost. Lyf þessi hafa þó ýmsa góða kosti fyrir einstaklinga með háþrýsting og þykknadó hjarta eða kransæðasjúkdóm.

### Lyf sem verka á miðtaugakerfið (Alfa móttaka)

Lyfin sem verka á alfa móttaka í miðtaugakerfi eru methyldópa (Aldomet) og clonidine (Catapress). Lyf þessi draga úr hjartsláttarhraða og minnka móttöðu í útæðakerfi. Lyfin geta valdið syfju, munnburrki, getuleysi og snöggi blóðþrýstingslækkun í upprétti stöðu. Clonidine hefur einnig verið tengt mikilli þrýstingshækkun ef notkun lyfsins er stöðvuð skyndilega, þ.e.a.s. án þess að smáminnka skammtana ádur en töku er hætt. Pessi lyf eru þó mikið notuð, t.d. henta þau vel þeim sem ekki geta tekið beta blokkara.

### Æðaútvíkkandi lyf

Pau virka beint á æðavegg til víkkunar og lækka þrýsting með því að minnka móttöðu blóðrásar.

Helstu lyf þessarar tegundar eru hydralazin (Apresolin) og prazosin (Peripress). Helstu aukaverkanir eru hjartsláttur, höfuðverkur og roði í andliti. Þá getur lyfið valdið Lups, þ.e.a.s. útbrotum og liðaeinkennum en hafa ekki áhrif á nýru eða miðtaugakerfi. Pað eru einkum þeir sjúklingar sem hafa hægan útskilnað á lyfinu sem eru líkleger til að fá þessi Lups-einkenni.

Prazosin hemur alfamóttaka í æðum og veldur þannig útvíkkun á bæði slag- og bláæðum. Aukaverkanir eru mildar þótt fram geti komið blóðþrýstingsfall,

auk svima, höfgi og þreytu. Hjá allmör gum myndast þol gegn áhrifum lyfsins og dregur það úr notagildi þess.

### **Angiotensin II blokkandi lyf**

Pessi lyf verka á angiotensin I og hindra myndun á angiotensin II sem aftur veldur æðasamdrætti. Áhrif lyfsins eru því að minnka móttöðu blóðrásar og lækka þrýsting. Lyfið er kröftugt og hefur mest verið notað á hærri þrýsting. Aukaverkanir eru blóðþrýstingsfall, einkum í byrjun meðferðar, einnig útbrot, truflað bragðskyn og í fáum tilfellum truflun á nýrnastarfsssemi og blóðmerg.

### **Kalsium blokkandi lyf**

Lyf, sem hindra íferð kalsíums inn í frumur, er flokkur lyfja sem hefur rutt sé til rúms bæði vestan hafs og austan á s.l. 5–6 árum. (nifedipine, verapamil og diltiazem). Pau verka á sléttu vöðva

og draga úr samdrætti en verka líka beint á hjartað; hjartslátt og samdráttargetu þess. Lyfin gera hjartanu kleift að slaka betur á í hvíld og nær það þá að fyllast betur og eins dregur úr spennu hjartavöðvans. Lyf þessi þolast vel en geta þó valdið minni háttar vandkvæðum, s.s. hægðatregðu, bjúgsöfnun á fótum auk áhrifa á hjartslátt. Pau henta einkum vel þeim sem hafa þykknað hjarta, tregðu gegn fyllingu hjartans og kransæðasjúkdóm.

### **Lyf sem verka á úttaugakerfi**

Pessi lyf eru gamalkunnug en notkun þeirra hefur minnkað, þar sem völ er á betri lyfjum. Pau hindra losun á boðefnum, s.s. noradrenálíni og valda víkkun æðakerfis. Aukaverkanir eru slen, þreyta, þunglyndi og blóðþrýstingsfall í uppréttri stöðu.

Lyfjanotkun við meðferð á bráðri blóðþrýstingshækkun, með lyfjum, s.s.

nitróprussiði, diazoxið og nitroglyserini, verður ekki rædd að sinni.

Pað leikur ekki vafi á að nútíma meðferð við háþrýstingi dregur stórlaga úr þeirri hættu, sem ómeðhöndlaður sjúkdómurinn hefur í för með sér. Pannig má segja að ef sjúkdómurinn svarar vel meðferð, eins og oftast gerist, þá eru horfur sjúklingsins ágætar. Hins vegar má það ekki gleymast að hjá flestum er um ævilanga meðferð að ræða. Pað skiptir því höfuðmáli að meðferðin sé til þess fallin að sjúklingsurinn geti sætt sig við hana og þær aukaverkanir sem kunna að koma fram.

Miklu máli skiptir að uppgötva ógreindan háþrýsting, helst áður en skemmdir á líffærum fara að koma í ljós.

Hið ágæta starf Hjartaverndar á þessu og öðrum svíðum heilsuverndar er lofsvert og á skilið stuðning okkar allra.

# **Morgunverður er mikils virði**

Flestir næringarfræðingar eru á einu málum það að morgunverðurinn sé þýdingarmátkil máltíð. Eru færð að því mörg rök. Rannsóknir hafa sýnt að skólanemendur sem borða reglulega góðan og hæfilegan morgunverð eru duglegri í námi en hinir sem byrja daginn án þess að borða að gagni. Fólk er síður hætt við að fitna ef það borðar morgunmat við hæfi; það snarlar síður milli

máltíða og borðar minna í önnur mál.

Að dómi næringarfræðinga skyldi morgunmatur veita a.m.k. 200 hitaeiningar. Best er að byrja á ávexti. Ávöxturinn sjálfur er æskilegri en ávaxtasafni því að í honum eru trefjar og hann veldur síður snögum breytingum á blóðsykri. Síðan má bæta við eggj og sneið af grófu brauði eða graut eða grófu ósykruðu morgunkorni

með léttmjólk. Sviðu blanda af hvítu og kolvetnum fæst einnig úr ristaðri heilheitibrauðsneið með hnetusmjöri og ávöxtum.


Fólk mun fljótt komast að raun um að réttur morgunverður borgar sig og er heilsusamlegri en kleina eða vínarbrauð og kaffi þótt fara þurfi svo sem fimm mínútum fyrr á fætur. Þetta eru orð næringarfræðinga.

# *Meðferð reykinga*

Árið 1985 voru 23% fullorðinna Íslendinga á aldrinum 18-70 ára hættir að reykja (1). Hins vegar reyktu 41% daglega en 5% minna en daglega. Hinir 32% höfðu aldrei reykt. Mynd 1. sýnir líkan af breytingu mismunandi reykingaháttar frá tíma til tíma. Af myndinni sést að lækkun á hundraðshluta fullorðinna reykingamanna getur átt sér fleiri skýringar.

Langflestir sem hætta að reykja gera slíkt upp á eigin spýtur og það liggur lítið fyrir um það hversu miklu fólk þarf að kosta til að ná þessum árangri. Þó er vitað að flestir gera fleiri en eina tilraun áður en þeir hætta endanlega. Sjúkdómseinkenni og sjúkdómar auka viljan að hætta. Fyrstu 7 mánuði ársins 1984 lágu 110 sjúklingar inni á lyflækningsadeild Landspítalans 14-E með sjúkdómsgreininguna bráð kransæðastífla. Par af léтуð 22% (24) í legunni. Í einn náðist ekki og fyrir annan fannst ekki sjúkraskráin. Eftir voru þá 84 einstaklingar, 31 reykingamaður (37%), en 53 reyktu ekki þegar þeir fengu sjúkdóminn. Kannað var símalega hvort pessir 31 reyktu enn 3-9 mánuðum eftir leguna á Landspítalanum. Í ljós kom að aðeins 11 (35%) voru hættir að reykja og hinir 20 höfðu nánast óbreyttar reykingarvenjur. Sýnir þetta hversu örðugt fólk getur reynst að hætta reykingum jafnvel þótt lífið liggi við. Vitað er að sá sem hætta að reykja eftir sína fyrstu kransæðastíflu hefur tvöfalt minni líkur á að fá nýja kransæðastíflu miðað við þá sem halda áfram að reykja.

Í sömu athugun var spurt um það hvort þeim hefði verið ráðlagt að hætta reykingum, í fyrsta lagi inni á hjartardeildinni og við útskrift, og síðan við eftirlit, hvort heldur það var hjá heimilislæknii eða sérfræðingi í hjartasjúkdónum. Við útskrift töldu 66% að þeir hefðu fengið ráð um að hætta. Af þeim



sem verið höfðu í eftirliti hjá sérfræðingi í hjartasjúkdónum (25) töldu 60%, að mikilvægi reykbindingar hefði verið ítrekað en aðeins 25% af þeim sem verið höfðu í eftirliti hjá heimilslæknii (16).

Allt sýnir þetta þörfina á frekari meðferðarárræðum á reykingum og þau hafa verið að koma fram í mynd sérlegra tóbaksvarnanámskeiða, eitt á vegum aðventista, annað á vegum krabbameinsfélagsins og hið þriðja á vegum lungna- og berklavarnadeilda Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Meðferðarárangur hefur nú birst í formi hlutauppgjörs fyrir eitt þessara námskeiða (2).

Námskeiðið á lungna- og berkl-

varnadeild byggist upp á fræðslu, meðferðarsambandi í eitt ár og notkun nikótín tyggjós. Námskeiðið hefur hingað til verið „lokað“, þannig að boðað hefur verið til þátttöku ákveðnu úrtaki reykingamanna sem Hjartavernd hefur látið í té. Um 13% kvennana og 9% karlanna sem skrifnað var til vildu koma og kom á námskeiðið. Það voru 5 fundir haldnir með um það bil viku fresti á 4-5 vikum. Hver þátttakandi fékk í upphafi möppu með öllu námsefninu. Fjallað var um sögu og faraldsfræði tóbaks; um að vera sólginn í nikótín; um léttar/sterkar sigarettur; um sjúkdóma af völdum tóbaks; og loks áhrif þess að hætta að reykja. Samanlagt tóku 182 einstaklingar þátt í nám-

skeiðinu og var þeim skipt í 12 hópa með 9–20 þáttakendum í hverjum. Hver hópur fékk annað tveggja, Nicorette 4 mg, (sem er tyggigúmmí með nikótíni í) eða tyggjó án nikótíns. Tyggjó pakkningarnar voru eins og vissu þáttakendurnir, að þeir fengju annað hvort. Eftir að sjálfum námskeiðunum lauk var haft samband við fólkid á 3 mánaða fresti í eitt ár.

Fyrstu niðurstöðurnar ná til ársuppgjörs á 86 einstaklingum. Í hópunum sem fékk nikótíntyggjó voru 57 en 29 í hópnum sem fengu venjulegt tyggjó. Enginn munur var á árangri karla og kvenna. Eftir 2 mánuði voru allir 29 hættir að nota venjulegt tyggjó. Í hinum hópunum notuðu enn 20% nikótín tyggjó eftir 3 mánuði en aðeins 2% eftir 6 mánuði. Af þeim 57 sem fengu kost að nota Nicorette 4 mg, notuðu 41 það daglega en 16 minna en daglega. Árangur hópanna kemur fram í töflu I hér að neðan.

#### Í reykbindingi (%)

Fylgitími	Venjulegt tyggjó	Nikótín tyggjó daglega	Nikótín tyggjó
1 vika	86.2	86.0	97.6
2 vikur	82.8	84.2	97.6
3 vikur	75.9	78.9	95.1
4 vikur	69.0	78.9	95.1
2 mánuðir	51.7	71.9	95.1
3 mánuðir	48.3	61.4	75.6
6 mánuðir	44.8	45.6	56.1
9 mánuðir	41.4	43.9	53.7
12 mánuðir	44.8	45.6	46.3

Í fyrsta lagi er það athyglisvert að góður árangur eða 45% á ársgrundvelli næst í báðum hópunum. Það væri ekki miklum örðugleikum bundið að beita því á heilsugæslustöðvunum úti á landi ef starfsfólkid fengi vissa þjálfun áður.



Ef þig langar í sigarettu...

Hafa ber í huga að aðeins einn tíundi hluti þeirra sem reykja er tilbúinn að koma á námskeið svo þau leysa altént ekki vanda hinna. Á hinn böginn verða tóbaksvarnir bæði að beinast að því að aðstoða þá sem vilja hætta til þess að hætta að auk þess að upplýsa æskufólk um ávana- og sjúkdómshættuna. Að öðrum kosti munu tóbakssjúkdómarnir í okkar samfélagi ekkert minnka á næstu áratugum þrátt fyrir fallandi þverskurðartölur af hundraðshluta reykingamanna í landinu (sbr. mynd 1). Það er því mikilvægt að nú liggja fyrir upplýsingar um meðferðarárangur námskeiðs á þessu formi og hefur því fyrsta skipti fengist viðmiðun fyrir aðferð meðferð að bera sig saman við.

Í öðru lagi virðist Nicorette B vera virkt og hjálpar til að halda fólk frá að reykja svo lengi sem það er tekið, sem í þessari athugun var í fremur stuttan tíma. Ef reykingar eru ekkert annað en ávani og fíkn í nikótín er þess varla að


